

Fyrsti fundur Delta deilda starfsárið 2013-2014 haldinn þriðjudaginn 19. nóvember að Bjarteyjarsandi í Hvalfjarðarsveit kl. 17.30.

Í byrjun gáfum við okkur góðan tíma í að skoða handverk og afurðir sem framleiddar eru á Bjarteyjarsandi og keyptu nokkrar félagskonur meðal annars beikon, bjúgu og svínakjöt.

Fundurinn hófst formlega kl. 18.00 með því að Þórunn kveikti á kertunum þremur. Að því loknu var nafnakall en 14 konur sóttu fundinn. Arnheiður Hjörleifsdóttir bóndi sagði okkur sögu ferðaþjónustunnar á Bjarteyjarsandi. Á heimasíðu stendur meðal annars að:

"Á Bjarteyjarsandi er rekin fjölbreytt starfsemi á sjálfbærum grunni. Hluti af umhverfisstefnu búsins er að framleiða hreina hollustuafurð fyrir neytendur, þar sem virðing er borin fyrir dýrum og umhverfi. Á Bjarteyjarsandi er rúmlega 600 kinda fjárbú, nokkrar landnámshænur, vistvæn svínarækt, holdakanínrækt o.fl.

Á Bjarteyjarsandi er líka stundaður Opinn landbúnaður og geta gestir og gangandi fengið leiðsögn um bæinn, útihúsinn og nágrenni og þannig fræðst um starfsemina, átt persónuleg samskipti við bændur og framleiðendur og kynnt sér aðbúnað og umhirðu dýra.

Hægt er að versla við bændur á Bjarteyjarsandi allt árið um kring, þó árstíðabundinn munur sé á vörum og þjónustu. Í gömlu súrheysgryfjunni okkar er nú rekið gallerí - það eina sinnar tegundar á landinu í slíkum húsakynnum. Nafnið, Gallerí Álfhóll, var valið með hliðsjón af umhverfi og örnefnum, þar sem skammt norðan við gryfjuna er Álfhóll.

Ýmsir munir eru til sýnis og sölu, unnir af fagurkerum í nágrenni við okkur. Meðal efnis sem unnið er með er íslensk ull, tré, gifs, gler og selskinn. Auk þess hefur listakonan Rebekka Gunnarsdóttir málæð vatnslitamyndir af nánasta umhverfi okkar hér í Hvalfirði.

Bjarteyjarsandi er fyrst og fremst stundaður hefðbundinn sauðfjárbúskapur, þó með örlitlum undantekningum. Frá árinu 1992, hefur smáum saman verið að byggjast upp þjónusta við ferðafólk. Sú uppbygging hefur átt sér stað samhliða sauðfjárræktinni.

Arnheiður Hjörleifsdóttir"

Að loknum fyrlestri Arnheiðar tóku við hefðbundin fundarhöld.

Rætt var um að stefna á að funda í síðustu viku í janúar og fara þá á námskeið hjá Sigrúnu sem hún hefur verið að fara með út í deildirnar. Ákveðið var að formaður myndi senda út tvær tillögur að dögum.

Rætt var um að við mættum vera duglegri að fara inn á heimasíðuna, töldu konur ástæðu þessa að þær myndu ekki lykilordið. Formaður ætlar að senda póst á félagskonur með vefsíðu og lykilordinu.

Theodóra fór, í forföllum formanns, á framkvæmdarráðsfundinn og Jónína fór á Landsambandsþingið á Hótel Heklu. Jenna greindi frá því að Vorþingið yrði á Ísafirði á komandi vori.

Þórunn greindi frá því að næsti fundur yrði í lok febrúar, síðan einn í mars og apríl og vorferð í maí.

Einnig las hún úr fréttabréfi forsetans, þar sem kom fram að næstu einkunnarorð yrðu „Styrkum tengsl til framtíðar“.

Greint var frá að félagsgjöld væru 8.500 kr af því færi til landsambandsins 8.000 kr. og við fengjum rest 500 kr.

Minnti Þórunn félagskonur á að gerast félagi inn á facebooksíðu Delta Kappa Gamma.

Meðal þess sem rætt var um í lok fundar var eftirfarandi:

- Hvort sniðugt væri að efla samstarf milli deilda, vorferð til Guðrúnar Bjarnadóttur,

Dagný kom með umræðu um það þeigar konað fara að fundi að veðum félagsins hvort félagið
ætti ekki að borga í ferðakosnáð. Elsa greinindi frá því að félagið hafi verið búið að samþykka
þyrr löngu að greiða ferðakosnáð og gistiingu.

Orð til umhugsunar fíluti Jóníma Eiríksdóttir að þessu sinni og ræddi hún um einleiti ungra
stulkna.
Að lokum snæddu fundarkonur dryrindis súpu, salat og brauð sem Arnhéður framreiðdi ur
afruðum frá Bjarneyjarsandi. Undir bordahaldi var happdrættid að sínum stað en að þessu
sinni kom língibjörg Adda með vinninginu.
Fundí slittíð kl. 20.30.

Fundargerð ritáði Jónífn Guðlauge Vilhjálmsdóttir.